

Til Samgöngunefndar Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. maí 2011

Umsögn vegna *Frumvarps til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi (veglagning út með Þorskafirði um Teigsskóg)*, 439. mál.

Fuglavernd mótmælir leið B, sem mun liggja um Þorskafirð að vestan, skera Djúpafjörð og Gufufjörð. Endurnýjun gamla vegarins eða jarðgöng undir Hjallaháls eru mun jákvæðari valkostir fyrir umhverfið og löglegir að auki, enda hefur leið B verið hafnað á tveimur dómsstigum, bæði í Héraðdómi Reykjavíkur og í Hæstarétti.

Leið B er skýlaust brot á lögum um vernd Breiðafjarðar, 54/1995, sbr. verndaráætlun fyrir Breiðafjörð, samþykkt af umhverfisráðherra 10. október 2001. Leirur og sjávarfitjar njóta auk þess sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Leið B er því ólögleg og dæmir sig þar með úr leik á. Einnig má benda á Náttúruminjasrá, Skrá um Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði, Válista fugla, Norrænan lista um mikilvæg strandsvæði, stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun. Umræddar framkvæmdir eru á skjön við allar þessar skrár og stefnumarkningar. Hér væri því verið að fórnar meiri hagsmunum fyrir minni.

Fyrir hönd stjórnar Fuglaverndarfélags Íslands

Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri.

